

Nd.

477. Nefndarálit

[204. mál]

um frv. til laga um ráðstafanir í efnahagsmálum og fjármálum til þess að stuðla að jafnvægi í þjóðarþúskapnum og treysta undirstöðu atvinnu og lífskjara.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Frumvarp þetta hefur verið til athugunar hjá nefndinni síðan 24. mars s. l., en þann dag voru fjárhags- og viðskiptanefndir beggja deilda á sameiginlegum fundi svo og næsta dag. Til viðtals við nefndirnar komu þá ýmsir aðilar, svo sem skattanefndarmenn, ráðuneytisstjóri í fjármálaráðuneyti, seðlabankastjóri, ríkisskattstjóri, skattrannsóknastjóri, hagsýslustjóri, forstjóri Þjóðhagsstofnunar og fleiri. Þessir aðilar veittu nefndarmönnum ýmsar upplýsingar er frumvarpið varða.

Nefndinni bárust nokkur erindi, þar sem farið var fram á tilteknar breytingar á frumvarpinu.

Samninganefnd Alþýðusambands Íslands sendi nefndinni bréf, dags. 1. apríl s. l., þar sem mælt var til að því fjármagni, sem nýting V. kafla frv. mundi kosta ríkissjóð, yrði varið í sérstakan eða aukinn skattafslátt, sem kæmi til útborgunar með sama hætti og barnabætur, að vissum skilyrðum fullnægðum. Forseti ASÍ kom á fund nefndarinnar, ásamt tveimur fulltrúum samninganefndar 7. apríl, og gerðu þeir nefndarmönnum frekari grein fyrir tilmælum sínum.

Félag einstæðra foreldra sendi þingmönnum tillögur til breytinga á frv., ásamt greinargerð, og formaður félagsins gerði formönnum fjárhags- og viðskiptanefnda beggja deilda frekari grein fyrir þeim tillögum.

Stjórn Stéttarsambands bændu sendi n. ályktun þess efnis, að söluskattur verði felldur niður á kjöti og kjötvörum.

Flugleiðir hf. sendu athugasemdir vegna flugvallagjalds og hækkaðra lendingargjalda. Þeim athugasemdum fylgdi skýrsla til stjórnar Flugleiða hf. um þessi atriði.

Umsögn um flugvallagjald barst einnig frá ferðamálaráði, sem leggst gegn álagningu gjaldsins.

Heilbrigðiseftirlit ríkisins, Hydrol hf. og Félag íslenskra iðnrekenda gerðu athugasemdir við ákvæði V. kafla frv. að því er varðaði 15. kafla tollskrárlaga, og er lagt til að þau ákvæði verði felld úr frv.

Samband íslenskra sveitarfélaga óskaði eftir að nokkrar breytingartillögur yrðu teknar inn í III. kafla frv. og hefur að nokkru verið tekið tillit til þeirra óska.

Auk þess sem þessi erindi hafa að nokkru verið rædd á fundum nefndanna, hafa formenn nefnda beggja deilda átt fjölmarga fundi með starfshóp þeim, sem unnið hefur að athugun á skattalögum og tryggingabótum undanfarna mánuði. Hafa þessi erindi verið rædd ítarlega á þeim fundum svo og frumvarpið sjálft, útreikningar á áhrifum þess verið yfirfarnir og gerðar ýmsar fleiri kannanir.

Á grundvelli þessara athugana hafa mótast allmargar breytingartillögur, sem hafa verið kynntar nefndum beggja þingdeilda á sameiginlegum fundum síðustu daga. Einnig hafa þær verið kynntar fulltrúum Verslunarráðs Íslands og ASÍ.

Nefndarmenn urðu ekki sammála um afgreiðslu þessara tillagna. Meiri hluti nefndarinnar, fulltrúar stjórnarflokkanna, leggur til, að frv. verði samþykkt með þeim breytingartillögum, sem hann flytur á sérstöku þingskjali, en minni hlutinn skilar séráliti og öðrum breytingartillögum.

Hér verður nú gerð grein fyrir helstu breytingartillögunum, sem undirritaðir nefndarmenn flytja á þskj. 478.

Í II. kafla frv. er 6. gr. felld niður. Í C-lið 12. gr. gildandi laga um tekjuskatt og eignarskatt segir, að nánari ákvæði um ferðakostnað þeirra skattgreiðenda, sem fara langferðir vegna vinnu sinnar, skuli sett í reglugerð. Slík ákvæði hafa ekki verið sett til þessa. Þau eru í eðli sínu verklagsreglur og eiga því fremur heima í reglugerð en lögum.

9. gr. frv. er breytt þannig, að skattaleg meðferð á meðlagi vegna barns, sem er á 17. aldursári, verði eins og gildir um meðlög vegna yngri barna, enda lýkur meðlagsskyldu foreldra ekki fyrr en barn er fullra 17 ára.

Meðlagsgreiðsla til einstæðs foreldris telst ekki til tekna hjá því. Einstæðir foreldrar verða að þessu leyti betur settir en aðrir skattþegnar, er við meðlagsgreiðslum taka, en meðlagsgreiðslur til þeirra teljast að hálfu til tekna.

Breytt er því ákvæði varðandi nýtingu eftirstöðva persónuafsláttar, að þær gangi ekki til greiðslu eignarskatts. Útborgun til lífeyrisþega fellur niður, en tekju-trygging mun verða hækkuð um þá upphæð, sem ella hefði komið til útborgunar. Lögum um það efni verður því breytt og jafnframt breytt skerðingarákvæðum vegna þessa.

Miðað er við vergar tekjur til skatts í stað útsvarsskyldra tekna. Jafnframt eru frádrætir hækkaðir til að mæta mun vergra tekna til skatts- og útsvarsskyldra tekna. Þessi breyting er gerð vegna verulegrar vinnu, sem ella yrði lögð á skattstofurnar.

Gerð er tillaga um einfaldari reglu um skattalega meðferð fólks, sem býr saman í óvígðri sambúð og á barn saman, auk þess sem hið breytta orðalag tekur af tvímæli um að hvorugur sambýlinga geti jafnframt talist einstætt foreldri. Þá er tiltekið að foreldrar, sem húa saman í óvígðri sambúð og framfæra barn, sem þau hafa ekki átt saman, skulu hvorugt teljast einstætt foreldri, enda þótt þau fari ekki skriflega fram á samsköttun.

Kveðið er á um, að þeir, sem taka upp heimilisfesti hér á landi, skuli aðeins njóta afsláttar eða barnabóta í hlutfalli við dvalartíma sinn hér á landi á því ári.

Breytt er reglum um dráttarvexti af vangreiddum tekjuskatti til samræmis við dráttarvexti innlánsstofnana. Samsvarandi ákvæði eru tekin upp í III. kafla frumvarpsins að því er varðar vangreidd útsvör. Þessi ákvæði taki gildi 1. janúar 1976.

Breytt er ákvæðum 52. gr. skattalaga. Samkv. gildandi lögum er skattstjóra heimilt að lækka tekjuskatt. Við þá breytingu, sem gerð er með frv. þessu um persónuafslátt í stað persónufrádráttar, þykir rétt að breyta upphafi 52. gr. á þann veg, að skattstjóra sé heimilt að lækka skattgjaldstekjur. Með þessari breytingu er ívilnun orðin viðtækari en áður, þ. e. tekjulágir aðilar njóta hennar með frekari þátttöku í útsvarsgreiðslu þeirra þegar svo stendur á, en áður nutu þessara ívilnana eingöngu þeir aðilar, sem höfðu það háar tekjur að þeir báru tekjuskatt.

Lækkun tekjuskatts samkvæmt frumvarpinu, að samþykktum breytingartillögum meiri hluta nefndarinnar, er talin nema 970 milljónum króna.

Við III. kafla frumvarpsins eru ekki teljandi efnislegar breytingar, en teknar eru inn þrjár nýjar greinar að beiðni Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Breyttar reglur tekjustofnalaga eru taldar þýða um 410 milljón króna lækkun útsvara.

Lagt er til, að V. kafla frv. breytist á þá leið, að niður falli heimild til að lækka tolla á vörum, sem falla undir 15. kafla tollskrárlaga. Vörur þessar eru ekki mikilvægar neysluvörur og eru einkum notaðar til iðnaðar.

Hins vegar er lagt til, að í stað heimildar til að lækka eða fella niður tolla af þeim ávöxtum, sem í greininni eru taldir, skuli ákveðið með lögum að fella þá niður. Hér er um mikilvægan þátt í matarútgjöldum hvernar fjölskyldu að ræða.

Tollar af þessum vörum eru taldir nema 83 milljónum króna.

Samtals nemur því lækkun tekjuskatts, útsvara og tolla, samkv. II., III. og V. kafla frv., um 1460 milljónum króna. Það, sem á vantar, til þess að staðið verði við heit ríkisstjórnarinnar um 2000 millj. kr. lækkun skatta, mun nást með beitingu heimildar 19. gr. frv. um lækkun eða niðurfellingu söluskatts af einstökum matvörum eða matvöruflokkum.

Við VI. kafla eru breytingartillögur þess efnis, að flugvallagjald verði einnig innheimt vegna farþega sem ferðast innanlands. Þar á móti komi niðurfelling söluskatts af fólksflutningum með flugvélum innanlands. Þetta hefur ekki í för með sér tekjubreytingu fyrir ríkissjóð. Áætlað er að tekjur af flugvallagjaldi af innanlandsflugi muni á tímabilinu 1. maí til 31. desember 1975 nema 62 milljónum króna, en tekjur af söluskatti sama tímabil af innanlandsflugi 61.5 milljónum króna.

Við VII. kafla eru breytingartillögur sem eru efnislega samhljóða breytingum á 3. mgr. B-liðar 10. gr.

Við VIII. kafla eru ekki breytingartillögur fluttar. Gerð verður grein fyrir fjármögnun fjárfestingarlánasjóða við 3. umræðu frumvarpsins.

Eins og fram kom í greinargerð með frv., hefur Framkvæmdasjóður tekið lán hjá Viðreisnarsjóði Evrópu, að fjárhæð \$ 1 875 þús., eða um 271 milljón króna miðað við núverandi gengi. Stjórn Framkvæmdastofnunar ríkisins samþykkti að taka lán þetta heim í aprílmánuði. Ráðgert er, að 215 milljónir króna af þessu láni fari til Norður- og Austurlandsáætlana í vegamálum, í samráði við stjórn Framkvæmdastofnunar ríkisins.

Samkvæmt lögum nr. 71/1973 er Framkvæmdasjóði Íslands heimilt, að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar, að taka lán bæði innanlands og erlendis. Ef nauðsyn krefur verður þessi heimild notuð, eða heimildin í 30. gr. frv. til lántöku erlendis hækkuð við 3. umræðu.

Nefndarálit þessu fylgja töflur sem nefndin hefur látið reikna. Töflurnar sýna áætlun um meðallækkun beinna skatta á einstaka hópa skattgreiðenda samkvæmt ákvæðum frumvarpsins frá því sem verið hefði að gildandi lögum óbreyttum.

Í framsögu verður gerð nánari grein fyrir þeim breytingartillögum, sem meiri hlutinn, undirritaðir nefndarmenn, flytur.

Alþingi, 18. apríl 1975.

Ólafur G. Einarsson,  
form., frsm.

Lárus Jónsson,  
fundaskr.

Ey. Kon. Jónsson.

Sverrir Bergmann.

Tómas Árnason.

### Fylgiskjal 1.

Áætlun um meðallækkun beinna skatta á hjónum með 1—4 börn á framfæri sky. frumvarpinu eftir breytingartillögur við álagningu 1975 eftir tekjum. <sup>1)</sup>

Miðað er við gildandi lög.

B = Brúttó- tekjur þús. kr. 1974	Hjón með 1 barn			Hjón með 2 börn			Hjón með 3 börn			Hjón með 4 börn		
	Fjöldi	Lækkun þús. kr.	% af B.	Fjöldi	Lækkun þús. kr.	% af B.	Fjöldi	Lækkun þús. kr.	% af B.	Fjöldi	Lækkun þús. kr.	% af B.
100 .....	86	4-7	4,0-7,0	64	29-31	29,0-31,0	20	54	54,0	10	79	79,0
200 .....	36	0-14	0,0-7,0	21	27-36	13,5-18,0	9	48-60	24,0-30,0	4	73	36,5
300 .....	41	2-17	0,7-5,7	25	31-41	10,3-13,7	14	52-65	17,3-21,7	3	79-87	26,5-29,0
400 .....	63	13-22	3,2-5,5	36	38-46	9,5-11,5	18	57-70	14,2-17,5	3	83-92	20,7-23,0
500 .....	88	17-27	3,4-5,4	58	45-51	9,0-10,2	24	69	13,8	7	93	18,6
600 .....	152	20-27	3,3-4,5	97	52	9,1	42	74	12,3	11	95	15,8
700 .....	235	29	4,1	135	51	7,3	72	80	11,5	21	103	14,7
800 .....	365	32	4,0	234	49	6,1	130	76	9,4	41	107	13,3
900 .....	477	29	3,2	362	40	4,3	211	61	6,7	58	84	9,3
1 000 .....	619	29	2,8	520	40	3,9	307	50	4,9	107	68	6,8
1 100 .....	719	35	3,0	671	40	3,5	442	47	4,2	148	59	5,3
1 200 .....	745	30	2,5	801	32	2,5	509	36	3,0	175	45	3,7
1 300 .....	796	30	2,3	807	29	2,1	534	29	2,2	190	36	2,7
1 400 .....	782	30	2,0	919	29	2,0	573	27	1,9	227	30	2,1
1 500 .....	1 201	30	2,0	1 361	29	1,8	853	27	1,7	354	27	1,8
1 750 .....	1 160	30	1,7	1 460	29	1,6	889	27	1,5	382	27	1,5
2 000 .....	912	30	1,4	1 150	29	1,3	804	27	1,3	352	27	1,3
2 500 .....	438	30	1,1	523	29	1,1	390	27	1,0	159	27	1,0
3 000 .....	193	30	0,9	214	29	0,8	168	27	0,8	75	27	0,9
4 000 .....	104 <sup>2)</sup>	30	0,6	121	29	0,6	104	27	0,6	36	27	0,6

- 1) Lækkunin við þær brúttótekjur, sem sýndar eru, miðast við meðalmismun brúttótekna, útsvarstekna og hreinna tekna til skatts umhverfis brúttótekjumarkið. Fjöldatölurnar eiga við þann fjölda framteljenda sem er t. d. við 400 þús. kr. brúttótekjur á bilinu 350—450 þús. kr. Í lækkun er ekki metinn sá hagur sem er af því að fjölskyldubætur verða einnig skattfrjálsar 1976.
- 2) Fjöldatölur við 4 000 þús. kr. fela þannig í sér alla sem eru fyrir ofan þetta tekjumark.

## Fylgiskjal II.

### Áætlun um meðallækkun beinna skatta á barnlausum hjónum og einhleypingum skv. frumvarpinu eftir breytingartillögur við álagningu 1975 eftir tekjuhæð. <sup>1)</sup>

B = Brúttótekjur 1974	Hjón án barna			Einhleypingur		
	Fjöldi	Lækkun þús. kr.	% af B.	Fjöldi	Lækkun þús. kr.	% af B.
600 .....	660	15	2,5	4 965	13	2,2
700 .....	775	14	1,8	4 226	19	2,6
800 .....	927	14	1,7	1 336	14	1,6
900 .....	1 008	18	2,0	2 510	14	1,5
1 000 .....	1 116	26	2,5	1 840	14	1,3
1 100 .....	1 070	31	2,8	1 368	14	1,2
1 200 .....	985	31	2,5	927	14	1,1
1 300 .....	961	31	2,3	638	14	1,0
1 400 .....	837	31	2,2	475	14	1,0
1 500 .....	1 175	31	2,0	479	14	0,9
1 750 .....	1 044	31	1,7	330	14	0,8
2 000 .....	815	31	1,5	200	14	0,7
2 500 .....	375	31	1,2	81	14	0,5
3 000 .....	176	31	1,0	45	14	0,5
4 000 .....	119 <sup>2)</sup>	31	0,8	32	14	0,3

1) 2) Sjá aths. við 1. töflu.

## Fylgiskjal III.

### Áætlun um meðaltal breytingar beinna skatta einstæðra foreldra með 1—2 börn á framfæri skv. frumvarpinu með breytingartill. meiri hluta við álagningu 1975. <sup>1)</sup>

B = Brúttótekjur 1974	Einstætt foreldri með 1 barn			Einstætt foreldri með 2 börn		
	Fjöldi	Lækkun þús. kr.	% af B.	Fjöldi	Lækkun þús. kr.	% af B.
100 .....	406	4-6	4,0-6,0	141	29	29,0
200 .....	368	9-11	4,5-5,5	93	32	16,0
300 .....	405	14-16	4,6-5,3	112	33	11,0
400 .....	412	18	4,5	114	37	9,3
500 .....	413	22	4,4	127	42	8,4
600 .....	366	24	4,0	102	48	8,0
700 .....	307	19	2,7	96	40	5,7
800 .....	193	24	3,0	113	42	5,2
900 .....	138	15	1,6	79	29	3,2
1 000 .....	92	9	0,9	50	23	2,3
1 100 .....	51	5	0,4	30	15	1,4
1 200 .....	23	5	0,4	21	15	1,3
1 300 .....	19	5	0,4	13	15	1,1
1 400 .....	11	5	0,4	10	15	1,0
1 500 .....	10	5	0,3	4	15	1,0
1 750 .....	9	5	0,3	7	15	0,8
2 000 .....	5	5	0,2	2	15	0,7
2 500 .....	2	5	0,2	1	15	0,6
3 000 .....	0	5	0,2	0	-	-
4 000 .....	1 <sup>2)</sup>	5	0,1	0	-	-

1) 2) Sjá aths. við 1. töflu.